

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir
Dags. 11. júní 2021
Mnr. 2016110085



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað – Samningur við Lýðskólann.

Á fundi bæjarráðs þann 23. nóvember 2020 lagði fyrrum sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs fram drög að samningi Ísafjarðarbæjar við Lýðskólann á Flateyri um styrk til reksturs Lýðskólans til næstu þriggja ára. Lagði hann til að lækka hlutfallslega fjárframlög á samningstíma til maí 2023 og ljúka þar með aðkomu Ísafjarðarbæjar í formi fjárframlaga til skólans. Voru drögin lögð fram til kynningar.

Í lok janúar 2021 hætti fyrrum sviðsstjóri störfum og náðist því ekki að klára samninginn og láta undirrita hann. Ísafjarðarbær og Lýðskólinn hafa þó staðið við sínar skuldbindingar skv. fyrirbyggjandi samningsdrögum.

Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs leggur nú fram meðfylgjandi samning við Lýðskólann um styrk til reksturs Lýðskólans. Hann er afturvirkur vegna þeirra ástæðna sem tíundaðar eru hér í minnisblaðinu. Hann gildir frá árinu 2020 til 2023 sem eru samtals þrjú skólaár, þar með talið nýliðið skólaár.

HG